

VILJAYFIRLÝSING
um rafvæðingu hafna í Reykjavík með landtengingum


Umhverfis- og auðlindaráðuneytið fyrir hönd íslenska ríkisins, Reykjavíkurborg, Faxaflóahafnir sf., Veitur og Samskip hf. eru einhuga um að vinna sameiginlega að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og loftmengandi efna frá starfsemi hafnarsvæða í Reykjavík. Fyrirnefndir aðilar staðfesta hér með vilja sinn til að koma upp og taka í notkun háspennutengibúnað fyrir flutningaskip á Vogabakka. Um er að ræða fyrsta áfanga í tímamótaverkefni á sviði loftslagsmála á Íslandi.


Veitur og Faxaflóahafnir sf. munu gera með sér samkomulag um eignarhald búnaðar á landi, fjármögnun og rekstrarfyrirkomulag, en Samskip hf. mun annast nauðsynlegar breytingar á stærstu skipum félaganna á eigin kostnað þannig að þau megi landtengja í viðlegu. Faxaflóahafnir munu leggja til verkefnisins 40 milljónir króna og Veitur 40 milljónir króna. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti mun styrkja þennan hluta verkefnisins á Vogabakka um 40 milljónir króna þegar kaup á nauðsynlegum búnaði hafa verið staðfest.

Verkefnið er fyrsta skrefið á Íslandi í landtengingu stærri skipa sem þurfa háspennutengingu til móttöku á rafmagni í viðlegu í stað þess að keyra ljósavélar. Ávinningurinn af þessari aðgerð verður annars vegar minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda og hins vegar bætt loftgæði íbúa á svæðinu. Með búnaði fyrir háspennutengingar á Vogabakka munu flutningaskip sem þar koma til hafnar geta tengst landrafmagni.

Það er vilji undirritaðra að nauðsynlegur búnaður í þessum áfanga verði tilbúinn til notkunar á fyrri hluta árs 2021.


Reykjavík 15. maí 2020


F.h. Umhverfis- og auðlindaráðuneytis


F.h. Faxaflóahafna sf.


F.h. Reykjavíkurborgar


F.h. Veitna


F.h. Samskipa hf.

